

## FUNDARGERÐ

**Mánudaginn 29. júní 2015 kl. 15:00** kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar. Um símafund var að ræða.

Í fjarfundarsambandi voru nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Pálsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLAKOSTNAÐAR

#### ÖNNUR FRAMLÖG

##### **Framlenging á samningi vegna ytra mats á skólastarfi**

Þann 1. mars 2013 gerðu Samband íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Námsmatsstofnun og innanríkisráðuneytið vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með sér samstarfssamning vegna þróunarverkefnis um ytra mat á skólastarfi. Á grundvelli þess samnings var á árunum 2013 og 2014 framkvæmt mat á 17 skólum.

Mikil ánægja var með verkefnið og því var ákveðið að framlengja það um eitt ár, þ.e. út árið 2015 með samþykktri aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Ástæða framlengingarinnar var einnig fyrirhuguð sameining Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar, sem hafði dregist á langinn, en hún er talin koma til með að hafa mikil áhrif á skipulag og umgjörð matsmála. Á árinu 2015 fór fram mat á 8 skólum. Þar af voru 2 skólar með tvær starfsstöðvar. Kostnaður vegna samþykkrar kostnaðarþátttöku sjóðsins í verkefninu á árinu 2015 nemur 5.843.931 kr. að teknu tilliti til 40% hlutdeildar sjóðsins.

Á fundinum var lagt fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 23. júní 2015. Fram kemur í erindinu að sameiginlegur stýrihópur og verkefnisstjórn yfir verkefninu hafi á fundi sínum 22. júní sl. komið fram með þá tillögu að framlengja þróunarverkefnið um eitt ár til viðbótar þ.e. út árið 2016. Næsta 1,5 ári verði varið til undirbúnings á því að færa verkefnið úr þróunarferli til framtíðarfyrirkomulags.

Með tilvísun til þessa leitar Sambandið eftir afstöðu Jöfnunarsjóðs til þess að samstarfssamningur vegna þróunarverkefnis um ytra mat á skólastarfi verði framlengdur út árið 2016. Á árinu 2016 er áætlað að metnir verði 14 grunnskólar til viðbótar og 40% kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi 8.615.124 kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti á fundinum að leggja til að framangreind beiðni Sambandsins væri tekin til greina. Þar sem enn hafði ekki verið gerður samningur vegna ársins 2015 mun nýr samningur taka mið af framkvæmd matsins á árunum 2015 og 2016 og hlutdeild Jöfnunarsjóðs nema samtals 14.459.055 kr. Framlaginu er úthlutað á grundvelli 3. liðar 8. gr. reglugerðar, nr. 351/2002, er fjallar um önnur framlög til reksturs grunnskóla.

### YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

#### **FJÁRHAGSLEG ÁHRIF 33% REGLUNNAR Á ÚTREIKNING FRAMLAGA**

##### **Svar við fyrirspurn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga**

Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur óskað eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna erindis er barst frá Dalvíkurbyggð og Fjallabyggð þar sem farið er fram á undanþágu frá lágmarksíbúafjölda þjónustusvæða, skv. 4. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks.

Í tengslum við framangreinda beiðni um umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur Sambandið óskað eftir upplýsingum frá Jöfnunarsjóði um fjárhagsleg áhrif 33% reglunnar á útreikning almennra framlaga til sveitarfélaga/þjónustusvæða vegna þjónustu við fatlað fólk.

Lagðir voru fram til kynningar útreikningar vegna fyrirspurnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um áhrif 33% reglunnar á útreikning almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk.

Sýnt er að fjárhagsleg áhrif reglunnar á útreikning almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk eru talsverð.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að málið verði skoðað frekar áður en kæmi til setningar nýrrar reglugerðar í haust fyrir árið 2016 og útreiknings almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016.

### **SKÝRSLA UM VESTFIRÐI FRÁ R-3 RÁÐGJÖF MEÐ ÁBENDINGUM**

Lögð var fram til kynningar skýrsla frá R-3 Ráðgjöf frá því í júní „*Endurmat í málefnum fatlaðra á Vestfjörðum.*“

Bent var á að þegar hefðu komið fram í skýrslunni ábendingar um mögulega hagræðingu í rekstri Byggðasamlagsins sem ákveðið hefur verið að huga betur að á sérstökum fundi með aðilum. Lagt var til að tölvupóstur væri sendur til nefndarmanna þegar farið hefði verið yfir framangreindar ábendingar og endanleg útgáfa af skýrslunni lægi fyrir.

Fram kom að þann 30. júní nk. myndu fulltrúar frá R3 – Ráðgjöf mæta á fund verkefnisstjórnar um faglegt og fjárhagslegt endurmat á yfirfærslu á málefnum fatlaðra og kynna skýrsluna. Lagt var til að formaður ráðgjafarnefndar tæki þátt í fundinum símléiðis.

### **FRAMLÖG TIL EFLINGAR TÓNLISTARFRÆÐSLU**

#### **Tillaga að uppgjöri framlaga vegna skólaársins 2014 -2015**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að uppgjöri framlaga til eflingar tónlistarfræðslu og jöfnunar á aðstöðumun nemenda til námsins vegna skólaársins 2014 -2015.

Gert er ráð fyrir að ráðstöfunarfjármagn sjóðsins á skólaárinu verði 520 m.kr. vegna verkefnisins. Lagt er til að 505 m.kr. verði dreift á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 23/2013, þ.e. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna söngnáms á miðstigi og söng- og hljóðfæranáms á framhaldsstigi. Þær 15 m.kr. sem út af standa renna til framlaga á grundvelli 7. gr. vegna nemenda á grunnstigi og miðstigi í hljóðfæragreinum, langtímaforfalla tónlistarskólakennara á grundvelli 6. gr. og uppgjors verkefnisins við Jöfnunarsjóð.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að tillaga að uppgjöri væri samþykkt.

### **Breytingar á verklagi**

Í 3. gr. reglugerðar, nr. 23/2013, er fjallar um umsóknir sveitarfélaga, segir m.a. í annarri málsgrein: „*Sveitarfélögum ber að skila umsóknum um framlög vegna næsta skólaárs fyrir nemendum skv. 2. mgr. 1. gr. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir 1. júní ár hvert á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á vefsíðu sjóðsins.*“

Með nýrri reglugerð, sem gert er ráð fyrir að taki gildi á árinu 2015, er áætlað að breyta verklaginu þannig að sótt verði um framlög til eflingar tónlistarfræðslu á fjárhagsársgrunni, eins og gert er hvað önnur framlög sjóðsins varðar en ekki á skóalársgrunni eins og verið hefur.

### **Framlag vegna veikindaforfalla**

*Umsókn frá Reykjavíkurborg vegna skólaársins 2014-2015*

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar, dags. 19. júní 2015 þar sem sótt er um sérstakt aukaframlag vegna lagtímaforfalla í tónlistarskólum skólaárið 2014 – 2015 á grundvelli 6. gr. reglugerðar nr. 23/2013 samtals að fjárhæð 1.788.910 kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að umsókn Reykjavíkurborgar væri tekin til greina og að framlag, að fjárhæð 1.788.910 kr. kæmi til greiðslu á næstu dögum á grundvelli 6. gr. reglugerðarinnar.

## **ÖNNUR MÁL**

### **Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga**

#### *Breyting á skipan varamanns*

Lagt var fram til kynningar bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. júní 2015, þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fari þess á leit að gerð verði breyting á skipan varafulltrúa í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Lagt er til að Halldóra Káradóttir, skrifstofustjóri á fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar, verði varamaður Birgis Björns Sigurjónssonar í stað Ellyjar Katrínar Guðmundsdóttur. Það er því ósk Sambandsins að innanríkisráðherra geri breytingu á skipan nefndarinnar í samræmi við framangreint.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 16:00.

Halldór V. Kristjánsson